



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á Vísinda- og fræðadegi Heilbrigðisstofnunar Austurlands  
í tilefni af tvítugsafmæli stofnunarinnar**

**Egilsstöðum, 23. maí 2019**

Forstjóri og forystusveit Heilbrigðisstofnunar Austurlands,  
aðrir góðir gestir.

Ég óska ykkur öllum hjartanlega til hamingju með afmælið. Á þeim tuttugu árum, sem liðin eru frá því að HSA varð til, hefur stofnunin vaxið og dafnað, íbúum til hagsbóta. Hér má líta björtum augum til framtíðar. Þó er hollt að horfa einnig um öxl, læra af reynslu liðinna ára og ekki síst skilja og virða hvernig aðstæður í heilbrigðismálum og heilsugæslu eru allar aðrar og betri en áður fyrr.

Um leið er brynt að benda á að í þeim samanburði er rýrð fráleitt varpað á þá sem áður sinntu lækningum á þessum slóðum. Læknavísindin voru önnur en um okkar daga, þekking okkar minni, lyf og önnur úrræði af skornum skammti. En fólk gerði sitt besta. Þannig er fróðlegt að skyggnast inn í heim hinna horfnu héraðslækna. Árið 1924, fyrir hartnær öld, lést á Borgarfirði eystra Guðmundur Þorsteinsson, læknir þar um árabíl, virtur og vinsæll. „Að því er læknisstörf hans snertir,“ sagði í eftirmælum, „er óhætt að fullyrða að þau voru fyllilega í meðallagi. Og í ýmsum sjúkdómum heppnuðust ráð hans aðdánlega, að þeirra dómi er reyndu, og þó sérstaklega við lungnabólgu.“

Þessi fáu orð sýna okkur líka hvernig héraðslæknar unnu einir síns liðs, þurftu að reiða sig á eigið hyggjuvit, gátu sjaldnast borið saman bækur sínar við aðra. Gjarnan var auk þess yfir erfiða fjallvegi að fara eða úfinn sjó, ef ekki hvort tveggja, í fannfergi og hríð ef svo bar undir. Hér á

Minjasafni Austurlands má sjá tréskíði og bambusstafi Þorsteins Sigurðssonar héraðslæknis sem skíðaði einatt í vitjanir á vetrum, innan Héraðs og víðar.

Eins erfiður gat starfi ljósmæðra verið. Í Vattarness- og Vöðlavíkurumdæmi var Guðrún Jónína Stefánsdóttir yfirsetukona í hálföld, frá 1899 til 1949 (eftir þriggja mánaða nám hjá Jónassen landlækni og Þorbjörgu Sveinsdóttur, þeim þekktu kvenskörungum). Mörgum svaðilförum lenti Guðrún í en sagði ætíð sjálf að ekki væri orð á þeim gerandi. Í frásögn af starfsævi hennar segir auk þess að oft hafi hún þurft að ráða fram úr ýmsum vanda á heimilunum, vatnsskortri, kulda, óhreinindum. Mestu skipti þá að Jónína þótti „framúrskarandi þrekmikil kona, bæði til sálar og líkama“, eins og um hana var sagt, og búin þeim kostum sem prýða mega góða ljósmóður: „kærleikslund, skapfestu, áræði og æðruleysi“.

Kæru gestir! Í hátíðarávarpi fyrir rúmum sjötú árum fjallaði forveri minn í embætti, Sveinn Björnsson, einnig um þá kosti sem þyrftu að prýða góðan héraðslækni. Sveinn vitnaði í öldung úr þeim hópi sem komst svo að orði í blaðaviðtali, sjötugur að aldri: „Vel gæti ég t.d. trúað því, að ég sé svona unglegur eins og þú sagðir, að ég væri, vegna þessara erfiðleika (sífellt erilsamt strit sveitalæknis), úr því ég bilaði ekki fyrir þeim. Erfiðleikarnir stæla þróttinn. Það er bjarta hliðin á erfiðleikunum.“

Með þau orð í huga skulum við færast nær samtímanum. Með nýjum heilbrigðisþjónustulögum árið 1974 voru læknishéruð sameinuð og heilsugæslustöðvar stofnaðar. Aukin samvinna var allra hagur og áfram þróaðist heilbrigðisþjónusta í þá átt og til að gera langa sögu stutta – sögu alls kyns ólíkra sjónarmiða og hagsmuna eins og gengur – var Heilbrigðisstofnun Austurlands stofnuð og tók til starfa, 1. janúar 1999.

Þá sameinuðust allar heilsugæslustöðvar á Austurlandi og Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað sömuleiðis. Þessum tímamótum fögnum við í dag, góðir gestir. Að sjálfsögðu tók tíma að stilla saman strengi en með árunum hefur það sýnt sig, þykist ég vita, að gæfuspor hafi verið stigið með þessari sameiningu. Ætlunin var að tengja stofnanir betur, vinna nánar saman og tryggja þannig sjálfræði heimamanna í heilbrigðismálum. Einnig átti að jafna þjónustu í landshlutanum og stuðla að aukinni samvinnu lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og annars starfsliðs.

Það frumkvæði sem fólk sýndi hér á sínum tíma varð öðrum auk þess til eftirbreytni annars staðar á landinu. Sú staðreynd ætti að segja sitt um ágæti þess skrefs sem stigið var fyrir tuttugu árum.

Eflaust má enn gera betur og breytingar til frekari batnaðar hér á Austurlandi ráðast ekki aðeins af því sem gerist innan heilbrigðisstofnunarinnar sjálfrar. Þannig þarf að koma til móts við fólk, sem verður að sækja sérfræðipjónustu á höfuðborgarsvæðið, mismuna ekki borgurum landsins eftir búsetu þannig að einn sleppi við útlát en hjá öðrum bætist fjárhagsáhyggjur við veikindi og meðferðir. Einnig ber að fagna bættum samgöngum í fjórðungnum og vonandi verður haldið áfram á þeirri braut. Nú þurfa ljósmæður ekki að feta illfærar skriður til konu að taka léttasótt og óttast að heitt vatn vanti á áfangastað. Nú eru skíði ekki staðalbúnaður læknis á leið í vitjun um hávetur.

Eftir standa þó óbreytt hin gömlu og góðu gildi, að erfiðleikarnir stæla þróttinn og þeim vegnar einatt best sem efla með sér kærleikslund og skapfestu, áræði og æðruleysi. Þekkingarleit er jafnframt eins mikilvæg og fyrri daginn. Því er vísinda- og fræðadagur HSA svo mikilsverður. Ég hlakka til að fylgjast með fyrirlestrum og umræðum hér. Þá verður kaffi eflaust í boði og í lokin bendi ég því á varnaðarorð Ólafs Ó. Lárussonar, héraðslæknis í Fljótisdalshéraði árið 1921, fyrir tæpri öld: „Ódæmi öll eru drukkin af kaffi í þessu héraði,“ sagði læknir, og bætti við: „... kaffið held ég, bæði í hófi og óhófi, eigi sinn mikla þátt í því að gera fólkið tannlaust strax á barnsaldri, og auki á þann hátt meltingarkvilla.“

Allt er gott í hófi og svo lengi lærir sem lifir. Ég ítreka heillaóskir til Heilbrigðisstofnunar Austurlands og þakka góðar móttökur hér eystra, að venju. Megi ykkur öllum farnast vel í vandasömum og mikilvægum störfum. Ég segi sjöunda Vísinda- og fræðadag HSA hér með settan.